



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK


**Svar við fyrirspurn um vinnu stýrihóps vegna frístundakorts - tilv. R20020124**

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs í dag var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá fundi borgarráðs dags. 13. febrúar 2020 um vinnu stýrihóps vegna Frístundakortsins.

Eins og margsinnis hefur komið fram hefur frístundakortið tapað sínu upphaflega markmiði þ.e. að gefa börnum tækifæri til að stunda íþróttir. Nú er seilst í það til að láta efnaminni og fátækt fólk nota það upp í greiðslu frístundaheimilis, (frá 2009), greiða fyrir tungumálaskóla sem skilyrði fyrir að sækja um fjárhagsaðstoð og fyrir skuldadreifingu hjá borginni. Nú hefur verið myndaður stýrihópur um frístundakortið og vill Flokkur fólksins vita um framvindu vinnu hans og gjarnan frá áfangaskýrslu. Í þessu máli þarf að hafa hraðar hendur því verið er að beita börn órétti með því að taka af þeim möguleikann að nota frístundakortið til þess sem því var ætlað. Skýrasta dæmið er hverfi 111 en þar er minnsta notkun kortsins í samræmi við tilgang þess. Í þessu hverfi er hæsta hlutfall barna af erlendum uppruna og þar eru einnig flestir með fjárhagsaðstoð í samanburði við önnur hverfi sem skýrir m.a. að nýtingin skuli ekki vera meiri eða ámóta og í öðrum hverfum borgarinnar. Þessu þarf að breyta og horft er til stýrihóps um frístundakortið að leiðrétta þetta hið fyrsta.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun:

Hópurinn vinnur samkvæmt verkáætlun og ráðgerir ekki að skila áfangaskýrslu. Nú stendur yfir víðamikil ferli umsagna og hugmyndasöfnunar sem lýkur 4. mars. Jafnframt er ráðgert að framkvæma könnun meðal reykvískra foreldra. Í kjölfarið verður unnið úr framkomnum hugmyndum og fyrirhugað er að stýrihópurinn ljúki vinnu sinni fyrir sumarið.

  
Ómar Einarsson.